

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudaginn 5. október 2018.



11. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir Stýrði fundi til 15:15

Una Hildardóttir ritaði fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir (KJ), Una Hildardóttir (UH), Einar Bergmundur Bóasarson (EBB), Ragnar Karl Jóhannsson (RKJ), Álfheiður Ingadóttir (ÁI) Anna Guðrún Þórhallsdóttir (AGÞ), Ingibjörg Þórðardóttir (IP) (Á fjarfundi frá 15:45), Bjarni Jónsson (BJ) (Á fjárfundi), Ólína Lind (ÓLP) (UVG), Jóhanna Bryndís Helgadóttir (JBH) (EVG), Fh. Starfsmanna; Björg Eva Erlendsdóttir (BEE), Bjarki Þór Grönfeldt (BÞG), Anna Lís Þörnsdóttir (ALB) Lís Kristjánsdóttir (LK) og Kári Gautason (KG).

Fundur settur kl. 15.29.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar 6 september 2018 lögð fram og hún samþykkt samhljóða.
2. Hugsmiðja: Dagur félagslegs réttlætis. Björg Eva kynnti hugmynd Hrannars B. Arnarsonar um hugsmiðju í samvinnu við aðra vinstri flokka auk verkalýðshreyfingar. BE fór yfir samstarfsyfirlýsingu. Lagt til 1 dag á ári þar sem rætt væri um jöfnuð og félagslegt réttlæti, næstu 5 árin. 1 fulltrúi frá hverjum aðila sem kemur að verkefninu verði í nefnd sem sjái um skipulagningu viðburðarins. BE sendir samstarfsyfirlýsingu á stjórn þegar hún er tilbúin.
3. Sveitarstjórnarráð, starfsemin framundan og virkir félagar. Ný skrá yfir VG félaga í sveitarstjórnnum. (BJ og BÞG) BJ fór yfir Landsþing sveitafélaga en þar var met þátttaka sveitastjórnarfulltrúa VG. Framundan er fundur með þingflokknum og munu margir sveitastjórnarfulltrúar mæta á flokksráðsfund. Búið er að keyra saman félagatal og lista yfir kjörna fulltrúa í sveitastjórnnum og hefur skrifstofa sett sig í samband við þá.

4. Afmæli VG. (KJ/ALB) Tuttugu ára afmælishátíð Vinstri grænna verður haldin á Grand hótél 8-9 febrúar 2019. Verið að rita sögu VG og gengur sú vinna vel. Stjórn felur ALB að auglýsa Tabúlu og hafa þrjá verðflokka, 5, 10 og 15 þúsund. Stjórn óskar eftir því að Pétur Hrafn Árnason verði boðaður á stjórnarfund í nóvember.

Ál vikur af fundi 15:30

5. Stjórn málaástandið og nýafstaðin kjördæmavika.
Katrín ræddi jákvæð viðbrögð við fundarferð VG ráðherra um landið í nýafstaðinni viku.
6. Flokksráðsfundur.
Drög að dagskrá komin á netið. Katrín leggur til að flokksráðsfundur verði lokaður fjölmiðlum þegar innra starf verður rætt. Tillagan er samþykkt.

ÍP Mætir á fund 15:40.

7. Málefnaþópar fram að landsfundi. Lagt til að eftirfarandi nýjir málefnaþópar verði skipaðir á flokksráðsfundi: Verkalýðsmál, jafnréttismál, matvælaframleiðsla, umhverfis/orkumál og heilbrigðismál. Hóparnir munu starfa fram að landsfundi 2019. Lagt til að skrifstofa taki að sér að skipa hópstjóra. Það er samþykkt.

Bjarni Jónsson vikur af fundi 16:05

8. Önnur mál.
 - a. Stjórn ræddi stöðu matvæla á Íslandi .
 - b. Einar Bergmundur veltir fyrir sér hvort skrifstofan hafi áhuga á að taka þátt í félagatalskerfi í gegnum island.is sem hann er að vinna. EBB verður í sambandi við stjórn.
 - c. JBH spyr hversvegna gengur illa að draga úr sniglapósti EVG. Málið var byggt á misskilningi þegar boð var sent út á vitlausan lista.
 - d. Farið yfir bréf varaformanns til stjórnar.

Fundi slitið kl. 16.14.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 13. október